



## Íbúafundur

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps boðar til almenns íbúafundar miðvikudaginn 17. ágúst 2016 kl. 20:00 í Valsárskóla. Á fundinum verður farið yfir tillögur að deiliskipulagi í Sólbergslandi norðan Sólheima.

---

## Göngur haust 2016

Göngur verða laugardaginn 10. september. Nánar auglýst síðar.

Fjallskilastjóri

---

## Frá Æskunni

Hefðbundinn Æskudagur verður haldinn laugardaginn 3. september kl. 11:00 (skráning 10:30-11:00). Nánar á facebook síðunni svalbó-allskonar þegar nær dregur.

Stjórnin

---

## Næstu rusladagar

- 25. ágúst - Almenn torg
- 1. september - Endurvinnsla
- 8. september - Almenn torg
- 22. september - Almenn torg

# Frá Álfaborg/Valsárskóla

## Frá grunnskóladeild

23. ágúst skólasetning klukkan 16:00.



24. ágúst viðtalsdagur. Foreldrar panta viðtalstíma í mentor. Foreldrar nýrra nemenda eiga að vera búnir að fá sent lykilorð í tölvupósti.

Í upphafi skólaárs er í mörg horn að líta og hjá kennurum er eitt af mikilvægustu verkefnum að hlúa að samstarf við heimili nemenda. Umsjónarkennari nemenda hefur umsjón með samskiptum við foreldra og forráðamenn umsjónarnemenda sinna en þó ber að hvetja foreldra til að leita eftir samtali við aðra kennara. Sérstaklega ef barn hefur tjáð sig um kvíða eða vandamál gagnvart kennara eða námsgrein er mikilvægt að slíkt sé rætt heiðarlega í upphafi vetrar.

Ef traust ríkir milli heimilis og skóla er svo miklu auðveldara að takast á við öll þau stóru og smáu álitamál sem koma upp á löngum tíma. Að mati fjölmargra fræðimanna felst lykillinn að góðum árgangi og hegðun nemenda fyrst og fremst í hlutdeild foreldra í námi barna sinna, það þurfa kennarar alltaf að hafa í huga.

Á viðtalsdegi verður m.a. rætt um eftirfarandi atriði.

- Hvernig var viðskilnaður við síðasta vetur? Er eitthvað sem þarf að bæta? Er eitthvað sem nemandinn vill halda áfram að gera vel?
- Hvernig hefur nemandinn hugsað sér að haga náminu í vetur?
- Eru einhverjar hindranir í námi sem skólinn getur lagað?
- Hvaða tilfinningar eru ríkjandi, kvíði, tilhlökkun?
- Gerir nemandinn sér væntingar um að eignast nýja vini, hlakkar hann til að styrkja fyrri vinabönd?
- Hvaða tilfinningar ber hann til nýrra kennara sem hann kann að hafa?
- Hvaða væntingar hafa foreldrar/forráðamenn?
- Er eitthvað sem þau vilja sjá breytast frá fyrra skólaári?

- Hafa vaknað einhverjar spurningar um skóladagatal, þarfalista, stundaskrár?
- Er eitthvað annað sem er óljóst?
- Kennari útskýrir skipulag vetrarins, væntingar til nemenda og foreldra/forráðamanna.
- Nemendur, foreldrar/forráðamenn og umsjónarkennari ræða um notkun snjalltækja og nemendur skrifa undir samning um notkun snjalltækja ef þeir vilja koma með slík tæki í skólann.

Munið að láta okkur vita um leið og þið eða börn ykkar eru vansæl í skólanum. Það sem er sagt er í heimahúsum berst oft ekki til okkar og því erfitt að gera eitthvað í þeim málum.

### **Frá leikskóladeild**

1. september tekur til starfsa ungarnadeild við leikskólann Álfaborg. Nú þegar er byrjað að aðlaga börn inn á deildina. Þeir foreldrar sem eiga eftir að sækja um pláss í leikskóladeildinni eru beðnir um að gera það á heimasíðu skólans. Nýr starfsmaður í leikskóladeild verður Þórdís og tekur hún til starfa 1. september. Einnig hefur nýr matráður hafið störf Borghildur María Bergvinsdóttir og er hún byrjuð að elda fyrir börnin í Álfaborg.

Í vetur verður heildsdagsvistun í skólanum í samstarfi við Álfaborg. Hægt er að skrá nemendur í vistunina (Vinaborg) á heimasíðu skólans.

### **Frá Tónlistardeild**

Kynningarfundir tónlistardeildar verður haldinn mánudaginn 29. ágúst klukkan 20:00.

Á fundinum munu kennararnir kynna sig, hafa smá tónleika og ræða í lokin við nemendur og foreldra þeirra.

Skráningar í tónlistar deildina er hafnar á heimasíðu skólans en einnig verður hægt að skrá nemendur eftir fundinn þegar þeir hafa hitt kennarana og kynnt sér námsframboðið í vetur.

Kennsla við tónlistardeildina hefst 1. september.

Kennarar við tónlistardeildina í vetur verða:

Díu Laur; deildarstjóri, söngur, bóklegar greinar, forskóli og píanó

Ingvi Rafn Ingvason; slagverk, bóklegar greinar, samspil, tónver

Daniele Basini: Gítar

Gert-Ott: Blásturshljóðfæri

Með bestu kveðjum frá skólanum okkar

Inga Sigrún Atladóttir skólastjóri.

---

## Bókasafn

Opið á mánudögum kl. 17 til 19.

Ábendingar um bókakaup vel þegnar. Kaffikannan er alltaf tilbúin til notkunar og góður sófi til staðar til að setjast í, skoða bækur og blöð og spjalla við aðra gesti safnsins. Bókasafnið er tilvalinn staður til að mæla sér mót og hitta sveitungana.

---

## Litið um öxl

Þessi auglýsing birtist í Norðanfara 2. ágúst 1878:

*Þann 22. júlí næstl., fannst í verzlunarbúðinni á Oddeyri (í farangri Pjeturs bónda Pjeturssonar á Efri-Dálksstöðum á Svalbarðsströnd), skjóða með kaffi og sykri í, sem geymd er hjá ritstjóra Norðanfara, þar til eigandi vitjar og borgar auglýsing þessa og funarlaunin.*

Norðanfari, 37.-38. tbl. (02.08.1878), bls. 80

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=2041075](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2041075)

---

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 22. september.